



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/534
komudagur 6.7.2009

Reykjavík, 06.07.2009
Tilv. 21.9.1/HVA
JS

Umsögn um frumvarp til laga um hvali, 112. mál, heildarlög, 137. löggjafarþing, 2009


Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 26. júní 2009 varðandi ofangreint málefni. Hafrannsóknastofnunin hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa við fyrirbyggjandi frumvarp:

1. Í 6. gr. er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnunin geri tillögur til ráðherra í upphafi hvers árs "um hvaða tegundir hvala skuli leyft að veiða og hve marga hvali af hverri tegund". Stofnunin hefur um langt árabil veitt ráðgjöf um veiðipól hinna svokölluðu nytjahvala - langreyðar, sandreyðar og hrefnu. Engin veiðiráðgjöf hefur verið veitt um aðra hvalastofna við landið, hvorki þá sem njóta alfriðunar eða aðra, þó komið geti til greina að hefja veiðar á fleiri tegundum á komandi árum. Þar sem hvalveiðum verður ekki fram haldið án vilja stjórnvalda á hverjum tíma, er þó e.t.v. eðlilegast að stjórnvöld hafi frumkvæði að því hvort Hafrannsóknastofnunin veiti ráðgjöf um aðra hvalastofna en þá nytjastofna sem nefndir voru hér að ofan.

2. Í 6. gr. er gert ráð fyrir tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar í upphafi hvers árs. Þar sem hvalir eru langlífir skepnur, má ætlað að ráðgjöf breytist að öllu jöfnu ekki mikið frá ári til árs. Vera kann að betur hentaði hinu nýja fyrirkomulagi, þar sem m.a. er gert ráð fyrir að hægt verði að koma á framfæri athugasemdum, að Hafrannsóknastofnunin legði fram sína ráðgjöf fyrir, annað hvort að vori þegar ráðgjöf um flesta nytjastofna fyrir komandi fiskveiðiár er kynnt, eða um haustið. Þannig gæfist rýmri tími til undirbúnings vertíðar.

3. Vakinn skal athygli á að í Fylgiskjali með frumvarpi er ekki gert ráð fyrir kostnaði sem falli til vegna aðkomu Hafrannsóknastofnunarinnar í tengslum við hvalveiðar, en tiltekið að verulegur kostnaður fylgi vegna eftirlits Fiskistofu eða 10-11 m.kr./ári. Samkvæmt áætlun vegna þeirra veiða sem ákveðið var efna til á árinu 2009, er gert ráð fyrir að sýnatökukostnaður vegna hrefnuveiða geti numið um 6,4 m.kr., vegna veiða í Hvalfirði 10 m.kr. og vegna DNA gagnabanka 7,6 m.kr. Auk þess má reikna með a.m.k. árslaunum starfsmanns á rannsóknastofnu við úrvinnslu sýna og samnatekt á niðurstöðum. Eðlilegt er að það veiðigjald sem leyfishöfum er gert að greiða mæti a.m.k. hluta þess kostnaðar sem óhjákvæmilegur er vegna þessara rannsókna og vöktunar á hvalastofnum. Huga þarf jafnframt að því hvort í hagræðingarskyni megi samtvinna eftirlit og sýnatöku.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is